



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2016

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála með síðari breytingum (gjafsókn), 145. löggjafarþing 2015 -2016.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála. Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á veitingu gjafsóknar, hver fer með ákvörðunartöku um veitingu hennar auk breytinga á skilyrðum fyrir gjafsókn.

MRSÍ fagnar framangreindu frumvarpi en telur þó að það megi taka tillit til eftirfarandi athugasemdar.

Í okkar samfélagi þá er það ekki á hendi hvers sem er að höfða dómsmál því það kostar einfaldlega óheyrilega peninga. Efnameira fólk er því í mun betri stöðu til sækja réttindi sín sem hreinlega getur ekki talist til jafnréttis. Til að komast til móts við þann stóra hóp af fólki sem telur til efnaminni einstaklinga og millistéttar fólks þá mætti endurskoða þær kröfur sem settar eru sem skilyrði til gjafsóknar svo að fleiri eigi rétt á þeim. Það myndi þrengja bil þeirra efnaminni og efnameiri til að sækja almennt rétt sinn fyrir dómstólum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri